

30. apríl 2019  
Tilv. 1904041

Nefndasvið Alþingis  
nefnasvið@althingi.is  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um skráningu raunverulegra eigenda, mál nr. 794, 149. löggjafarþing.

Með tölvubréfi hinn 12. apríl sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um skráningu raunverulegra eigenda. Í frumvarpinu er lagt til að í fyrirtækjaskrá verði skráðir raunverulegir eigendur tiltekinna lögaðila og felur frumvarpið í sér skyldu til þess að skrá þá einstaklinga sem í raun geta tekið ákvörðun um ráðstöfun fjármuna lögaðilanna, stjórnun þeirra og njóta góðs af þeim eignum sem um ræðir.

Seðlabanki Íslands styður framgang frumvarpsins og telur að efni þess muni stuðla að betra og skilvirkara eftirliti á grundvelli laga nr. 104/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Í ljósi fenginnar reynslu við framkvæmd fjármagnshafta og laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, er það mat Seðlabankans að frumvarpið, verði það að lögum, muni jafnframt auka gæði eftirlits á grundvelli annarra laga, þar sem upplýsingar um raunverulegt eignarhald lögaðila geta haft mikla þýðingu. Við eftirlit Seðlabankans með fjármagnshöftum hafa þessar upplýsingar í mörgum tilvikum ekki verið fyrirliggjandi og hefur reynst erfitt eða jafnvel ómögulegt að afla þeirra. Skylda til þess að skrá raunverulegt eignarhald lögaðila og miðlægt aðgengi að þeim upplýsingum skiptir því sköpum.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

Rannveig Jónúsdóttir  
frkvstj. gjaldeyriseftirliti